

Lausar stöður við Grunnskóla Fjallabyggðar



Grunnskóli Fjallabyggðar leitar að liðsauka í frábæran hóp starfsmanna skólans. Leitað er eftir einstaklingum sem eru tilbúnir til að viðhalda og byggja upp öflugt skólasamfélag af dugnaði og atorku samkvæmt gildandi fræðslustefnu, með virðingu, metnað og gleði að leiðarljósi.

Gildi Fræðslustefnu Fjallabyggðar eru: **Kraftur – sköpun – lífsgleði**

Eftirtalдар stöður eru lausar til umsóknar:

- Náms- og starfsráðgjafi, 50% staða.
- Kennarastöður: Meðal kennslugreina er hönnun og smíði, almenn kennsla og umsjón í 1. - 7. bekk

Ráðið er í stöðurnar frá 1. ágúst 2021.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi viðkomandi fagfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfi til að nota starfsheiti viðkomandi fagstéttar: kennari eða náms- og starfsráðgjafi.
- Reynsla af kennslu eða náms- og starfsráðgjöf í grunnskóla er æskileg.
- Góð kunnátta á notkun tölvu- og stafrænna lausna í skólastarfi.
- Færni í að vinna í teyrum og að fjölbreyttum verkefnum.
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði, góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund.

Umsókn um starfið skal fylgja starfsferilsskrá og afrit af leyfisbréfi, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið og upplýsingar um tvo umsagnaraðila.

Öllum umsóknum verður svarað. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Fjallabyggð áskilur sér rétt til að hætta við ráðningu í einstaka stöðu og auglýsa að nýju.

Grunnskóli Fjallabyggðar er ríflega 200 nemenda skóli með starfsstöðvar í Ólafsfirði og á Siglufirði.

Skólinn er í samstarfi við Tröppu ráðgjöf ehf. um þróun fjölbreytta kennsluhátta og innra mats skólans.

Nánari upplýsingar um skólann má finna á <http://grunnskoli.fjallabyggd.is/>

Bæjarfélagið Fjallabyggð varð til við sameiningu Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar árið 2006. Báðir bæjarkjarnar byggja afkomu sína að mestu á sjávarútvegi, vinnslu fiskafurða, ferðaþjónustu, hátækni og ýmis konar þjónustu.

Fjallabyggð býr að stórbrotinni náttúruferuð þar sem fegurð fjalla og fjarða er stórfengleg og möguleikar á svíði útivistar, afþreyingar og tómstunda eru hreint óþrjótandi.

Í Fjallabyggð eru tveir níu hólur golfvelli og tvær sundlaugar, fjöldi safna og setra, gallería, veitingahúsa, hótela og verslana.

Þann 1. september 2020 voru úbúr Fjallabyggðar 2.000.

Nánari upplýsingar má finna á: www.fjallabyggd.is